

Ársskýrsla stjórnar Guðfræðistofnunar

lögð fram á ársfundi 2. apríl 2025

Síðasti ársfundur Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar var haldinn 3. apríl 2024. Samkvæmt reglum rannsóknarstofunnar á að halda fund á fyrsta ársfjórðungi, en það tókst ekki vegna anna stjórnarmanna. Fundurinn var boðaður með átta daga fyrirvara á tölvupósti.

Fjárhagsstaða

Um fjárreiður rannsóknarstofunnar, rannsóknarverkefni og Starfssjóðs, sjá fylgiskjal um rekstur stofnunar og rannsóknarverkefni á árinu 2024. Fjárhagsstaða stofunnar í árslok 2024 var 307.414-. Fjárhagsstaða rannsóknarverkefninsins „Mannréttindi, fjölmennung og trú á tíma loftslagsbreytinga“ var 467.715-.

Um fjárreiður rannsóknarstofunnar, sjá fylgiskjal með ársreikningi ársins 2024.

Aðstaða

Rannsóknarstofan hefur haft aðstöðu í herbergi á þriðju hæð Aðalbyggingar. Þar hefur hún hýst gestaprófessora og skiptikennara og geymt bókakost sinn og skjöl, auk þess sem hluti af guðfræðibókasafni Háskólabókasafns var hýstur í herberginu. Stofan hefur nú misst herbergið og verður það nýtt sem skrifstofa á Hugvísindasviði eftirleiðis.

Málstofur

Á síðasta ársfundi tilkynnti formaður að hún tæki rannsóknarleyfi á haustmisserinu 2024. Mjög fáir fastir kennarar sinntu kennslu á haustmisserinu 2024. Til að draga úr álagi á starfsfólkið samþykkti ársfundurinn að fækka málstofum á haustmisserinu, sem skýrir hvers vegna málstofur að hausti voru ekki haldnar.

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar á árinu 2024.

- 14. febrúar 2025: Málþing um búddisma á Norðurlöndum með Jørn Borup, dósent við Árósháskóla, Mitra Härkönen rannsóknarsérfræðingur við Helsinkiháskóla, Knut A. Jacobsen, prófessor við Bergenháskóla og Katarina Plank dósent við Karlstadháskóla.
- 16. febrúar 2025: Opinn fyrirlestur Jan Olav Henriksen, MF, Osló, „Mannöld og samhljómur“.

- 6. mars 2025: Opinn fyrirlestur Ninnu Edgardh, prófessor emerita við Uppsalaháskóla, „Að vera kirkja díakoníunnar á tíma loftslagsvárs.“

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2024, hefti nr. 58 og 59. Haraldur Hreinsson var ritstjóri allt árið 2024 en með honum í ritnefnd voru Arnfríður Guðmundsdóttir (kjörin í ritnefnd á ársfundinum 2023) og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Rannsóknarverkefnið Mannréttindi, trú og fjölmenning á tíma loftslagsbreytinga (MAFTÍL)

Þverfaglega rannsóknarverkefnið „Mannréttindi, trú og fjölmenning á tíma loftslagsbreytinga“ (MAFTÍL) var sett á laggirnar tveimur vikum fyrir heimsfaraldurinn í febrúar 2020. Stjórnendur verkefnisins eru Sólveig Anna Bóasdóttir og Sigríður Guðmarsdóttir, en Sigríður óskaði eftir því að segja sig frá stjórnarstörfunum árið 2023 vegna annarra nefndarstarfa og var Haraldur Hreinsson kosinn í hennar stað ár ársfundinum það ár til tveggja ára eða til loka verkefnisins 17. október 2025.

Samstarf við aðrar rannsóknarstofnanir:

Sigríður tók þátt í að undirbúa vísindaráðstefnu Irigaray Circle í júní 2024 með félögum í Heimspekistofnun.

Reykjavík, 31. mars 2025

Sigríður Guðmarsdóttir, formaður stjórnar
Rúnar Már Þorsteinsson, meðstjórnandi